

Ed.

575. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. nr. 127 9. des. 1941, um viðauka við l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd Ed. hefur haft þetta frv. til athugunar langan tíma. Var það fyrst tekið fyrir á fundi n. 15. jan. s. l., og var samþykkt að biðja Sigurð Nordal, prófessor, Árna Pálsson, prófessor, og Björn Guðfinnsson, lektor, að koma á fund með nefndinni og láta henni í té upplýsingar um málið. Mættu þeir allir á fundi nefndarinnar 22. jan., og að loknum ýtarlegum umræðum urðu þeir einnig við þeim tilmælum að senda nefndinni skriflega álitssgerð. Á fundi n. 5. febr. var frv. enn til umræðu, og var þá lagt fram sameiginlegt álitsskjal frá háskólakennurunum þremur. Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins, heldur klofnaði hún í þrennt, en þó var svo til ætlað, að áður en nefndarmenn létu prenta álit sitt, bæru þeir ráð sín saman á nefndarfundum til frekari athugunar á því, hvort þeir gætu átt nokkra samleið í málinu. Síðan þessi fundur var haldinn, eru liðnar sex vikur, og frv. hefur ekki verið rætt á fundi. Ég tel ófært, að afgreiðsla málsins tefjist á þennan hátt, og verð ég því að birta álit mitt, án þess mér hafi gefizt tækifæri til að bera það undir samnefndarmenn mína á fundi, eins og ráð var fyrir gert.

Þær upplýsingar, sem fram hafa komið í málinu, og sérstaklega álitssgerð háskólakennaranna, styðja eindregið þá skoðun, að viðaukalög þau frá 1941, sem frumvarpið leggur til, að verði felld úr gildi, séu óhæf og fáránleg og beri því að afnema. Þau fela í sér þrjú ákvæði: 1) að hið íslenska ríki hafi eitt rétt til að gefa út íslensk rit, sem samín eru fyrir 1400; 2) að „þó að 50 ár séu liðin eða meira frá dauða höfundar, megí ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblae, ef breytingunum er svo hátað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af“. 3) að ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, geti veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og „má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri“. Hinir sérfróðu menn, sem nefndin ráðfærði sig við, hafa tekið þessi ákvæði til athugunar lið fyrir lið og telja eitt þeirra „mjög óviðurkvæmilegt“ og hin tvö „ekki rétt“ að löghelga. Í sameiginlegri álitssgerð þeirra segir svo:

- „A. Við teljum það mjög óviðurkvæmilegt, að hið íslenska ríki hafi eitt rétt til þess að gefa út íslensk rit, sem samín eru fyrir 1400, eða veita leyfi til þess. Samkvæmt því ákvæði mætti kennslumálaráðherra t. d. banna fræðimönnum á Íslandi að gera stafréttar útgáfur fornra handrita.
- B. Við teljum ekki rétt, að ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, skeri úr um, hverjar breytingar á ritum séu með þeim hætti, að „menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af“. Engin trygging er fyrir því, að þeir, sem með þau mál fara, hafi skilyrði til að dæma um slíkt af nægilegri þekkingu.
- C. Við teljum ekki rétt að löghelga neina þá „samræmda“ stafsetningu, sem höfð hefur verið á útgáfum íslenskra fornrita fram að þessu. Engin þeirra samræmist til neinnar hlítar framburði þeim, sem tíðkaðst á ritunartíma sagnanna. né heldur til neinnar hlítar uppruna orðanna. Stafsetningin frá 1929 stendur t. d. í sumum efnum nær upprunum en stafsetningin á Íslenskum fornritum.“

Af ummælum þessara fræðimanna kemur skýrt í ljós, að þeir telja lög, sem veita ríkinu einkarétt á útgáfu íslenskra fornrita eða gefa fyrirmæli um ákveðna stafsetningu á slíkum útgáfum, óheppilega leið og alls ekki þá, sem ætti að fara, þó að eftirlit með útgáfu eldri rita væri talið nauðsynlegt. Er því ályktun þeirra eindregin meðmæli með frv., eða með öðrum orðum stuðningur við þá skoðun, að viðaukalögin frá 1941 beri að afnema. Hitt er annað mál, er varðar ekki afgreiðslu þessa frumvarps, hvern dóm fræðimenn leggja á verk einstakra útgefenda. Þar er vitanlega oft þörf vandlátrar gagnrýni af hálfu þeirra, sem bezt skynbragð bera á þessa hluti.

Alþingi, 19. marz 1943.

Kristinn E. Andrésson.